

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kjarnholts 1.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 7 við Fagradalsbraut verður skipt á milli lóða nr. 1, 3 og 5. Með þessu stækkar lóð 1 úr 5.261 m² í 6.979 m², lóð nr. 3 stækkar úr 5.004 m² í 6.808 m² og lóð nr. 5 stækkar úr 5.114 m² í 6.822 m². Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi við Gullfosskaffi í landi Brattholts.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar lítilllega í átt að bílastæði auk þess sem bílastæði stækka.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. nóvember 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2011